


MONITOR



TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



Ring Rokkfest

fimmtudaginn 23. september

Dagskrá Oktoberfest:

Ring Rokkfest
23. september

Oktoberfest
24. september

Sveitaball
25. september




www.facebook.com/vringjarar



EVENTBRITE

SHÍ




TUBORG
LITTEL



Bubbi Morthens hætti á Facebook í síðustu viku og nú hefur Jónína Ben fylgt í fótspor hans. Monitor er langt frá því að vera ánæggt með þessa þróun.

ERIK, STEFÁN, PÁLMAR OG SÖNGKONAN ÞÓRA BJÖRG



Mynd/Emir

Börn raula lagið í sundi

Lagið **Velkomin í sálfræði** er óvæntasti smellur ársins. „Flestir fatta að þetta er grín,” segir **Pálmar Ragnarsson**, formaður nemendafélags sálfræðinema í HÍ.

„Ég hef eiginlega ekki hugmynd um hvernig þetta gerðist. Við settum þetta á Facebook hjá okkur bara til að sýna vinum. Svo fór þetta að dreifast og áður en ég vissi af voru allir sem ég þekki búnir að sjá þetta,” segir Pálmar Ragnarsson, formaður Animu, nemendafélags sálfræðinema í HÍ.

Pálmar og félagar hans úr Animu gerðu lagið Velkomin í sálfræði, en það var hluti af grínmyndbandi sem sýnt var nýnemum sem hófu nám í sálfræði í haust. Myndbandið fór á netið fyrir viku og á innan við sólarhring höfðu yfir 10 þúsund manns borið það augum. „Söngkonan heyrði meira að segja litla krakka vera að syngja þetta í sundi. Það voru einhverjar sex ára stelpur að raula þetta í lauginni,” segir Pálmar. Hann veit ekki hversu mörg áhorfin eru í heildina, enda

eru nokkrar útgáfur af laginu í gangi á netinu á Facebook og YouTube.

Fyrirfram dæmt til að vinna vondulagakeppnina

Pálmar segist mestmegnis hafa orðið var við góð viðbrögð í kringu. „Fólk er að fíla þetta. Að minnsta kosti fólk sem við þekkjum og veit að við erum að grínast með þetta. Langflestum finnst þetta bara fyndið,” segir Pálmar. Lagið var tekið fyrir í vondulagakeppni útvarpsstöðvarinnar X-ins síðastliðinn föstudag og fékk þá umsögn að það væri svo slæmt að það gæti fælt fólk frá því að fara í háskólánám.

„Við vorum einmitt í sálfræðipartí þegar við heyrðum af þessu. Við urðum því líkt móðguð. Okkur fannst auðvitað fáránlegt að vera í þessari keppni með svona gott lag,”

SÖNGKONAN ÞÓRA

Söngkona lagsins er Þóra Björg Sigurðardóttir, en hún tók þátt í Idol-stjöruleitinni á sínum tíma. „Við vissum að hún væri góð að syngja þannig að við fengum hana upp í stúdíó og hentum textanum í hana áður en hún var búin að heyra nokkuð. Enginn af okkur strákunum kann neitt í tónlist, en svo söng hún þetta svona hrikalega vel. Ég held að það sé ein stærsta ástæðan fyrir því að þetta breiddist svona mikið út,” segir Pálmar.

grínast Pálmar. „Nei, okkur fannst þetta auðvitað mjög fyndið. Maður hefur oft hlustað á þessa keppni og hlegið að lögunum sem þar eru spiluð, en ekki dreymt um að fá að taka sjálfur þátt. Þetta lag var náttúrulega fyrirfram dæmt til að vinna þessa keppni og ég vorkenni

því lagi sem ætlar að reyna að keppa á móti því,” segir Pálmar hlajandi og veltir því fyrir sér hvort hann eigi inni stefgjöld fyrir spilunina. „Þeir hljóta að skulda okkur einhvern pening,” segir hann.

Plata á leiðinni?

Í vetur er hlutverk Pálmar og strákanna sem eru með honum í myndbandinu að sjá til þess að félagslífið sé gott og fullyrðir hann að svo verði. „Lagið er búið að vekja mikla athygli á nemendafélaginu og nú er bara að fylgja þessu eftir,” segir Pálmar, en það er þó ekki fremst í forgangs röðinni. „Við stefnum náttúrulega á að gefa út disk strax í október bara með sálfræðilögum. Svo kemur „best of“ diskur um jólin, væntanlega bara með þessu eina lagi í mörgum útgáfum,” grínast Pálmar.

Monitor mælir með

Í MAGANN Veitingastaðurinn **Asía** á Laugavegi býður upp á bestu núðlusúpu í bænum. Súpan ber heitið **Asía Classic** og samanstendur af núðlum, kjúklingi og grænmeti. Aðrir réttir á matseðlinum



eru einnig gómsætir en ef þú vilt vera fagmaður skaltu afþakka matseðilinn og panta súpuna beint. Svo er líka skemmtilegt að segjast hafa farið til Asíu í kvöldmat.

Í SPILARANN Platan **The End is as Near as Your Teeth** er frumburður íslensku harðkjarna-sveitarinnar

Swords of Chaos. Strákunum tekst vel að koma til skila kraftinum sem hefur einkennt villtar sviðsframkomur þeirra undanfarin ár á tónleikum en

Monitor fullyrðir að platan er ekki fyrir viðkvæma. Plata sem sparkar rækilega í hreðjarnar og gefur kinnhest við hlustun.



Vikan á...

facebook

Auðunn Blöndal Fer til Grænlands með Lúllman og Sveppa í

fyrirrálið....

30. ágúst kl. 18:51

Auðunn Blöndal Fer ALDREI aftur til Grænlands !!!!

2. september kl. 19:25

Jón Jósep Snæbjörnsson er verulega að spá í nýjan hárstíl. Líður

eins og Donald Trump þessa dagana... Hvað segið þið? Stutt eða sítt?

2. september kl. 10:07

Friðrik Ómar Fyndið. Jæja Jóhanna. Nú er lag að stíga fram og ná

þér í nokkur prik. Væri allveg dúndur.. pólitískt-lega séð og fyrir okkur hin líka! KOMA SO! Tjá þig. Það er ekki fyrir neitt sem við eigum sama afmælisdag(=)...svo erum við líka nauðalík.

7. september kl. 16:03

Jónína Benediksdóttir Ég held að það sé best að ég taki pásu hér á

Facebook. Takk fyrir mig og gangi ykkur allt í haginn.

8. september kl. 00:09

Egill Einarsson Hvað er með ykkur stelpurnar hérna á chattinu... Látið

gjemla í fríði hehehe.

8. september kl. 00:16

Feitast í blaðinu

Einn fremsti dansari Íslands

hristir bossa í dansstúdíói **World Class**.

>>4

Stíllinn skoðar fógur stígvél sem eru tilvalin fyrir komandi vetrarhörkur.

>>6

Andri Freyr útvarpsmaður í viðtali sem fær þig til að hlæja upphátt.

>>8

Sveppa-myndin er fyrsta leikna myndin í 3D á Norður-löndunum.

>>12

Logi Geirsson handboltastjarnan gelaða þreytir Lokapróf Monitor.

>>14

Efst í huga Monitor

Pjöllusjampó í pabbahaus



VALA GRAND ER ALLTAF AÐ LÆRA EITTHVAÐ NÝTT

Besta vinkona Monitor, glamúrþían Vala Grand, lenti í skemmtilegu atviki á heimili sínu í vikunni. „Pabbi var eitthvað að drífa sig í sturtunni. Svo þegar hann kom fram spurði hann hvað væri málið með þetta nýja sjampó sem ég keypti, það væri svo mikil mentollykt af því. Þá hafði hann notað nýja pjöllusjampó mitt í hárið,” segir Vala og skellihlær. Hún flutti nýverið inn til foreldra sinna aftur og er heldur betur fljót að láta til sín taka. Pabbi gamli var hins vegar ekkert að stressa sig yfir því að hafa þvegið sér um hausinn með vitlausu sjampói.

Vala lofar nýja sjampóid í hástert. „Ég fór út í apótek og bað um sjampó fyrir þikuna mína og fékk eitthvað sem heitir Vivag-sjampó. Ég hafði aldrei heyrt um þetta áður, en svo er ég að heyra fullt af konum tala um hvað þetta sé gott fyrir sýrustigið í leggöngunum,” segir Vala og bætir við: „Ég er alltaf að læra eitthvað nýtt fyrir þikuna mína.“ Monitor fylgist spennt með framhaldinu.



Vala Grand Omg pabbi min er svo fyndin hann notaði óvart vivack pjöllushampoo mitt á hárið á sér í sturtu og svo sagði hann vala þetta er eitthverskonar mentol shampo þegar maður er buin að skola þetta af hahahahhhh omg how funny is that sko þetta er bara epic atriði. Mánudagur kl. 23:35



STELLA DANSAR TIL AÐ GLEYMA

Myndir/Golli

Ekki níu til fimm skrifstofutýpan

Stella Rósenkranz er einn fremsti dansari landsins og sér um dansstúdíó World Class sem byrjar nú í september.

„Lífið mitt snýst um dans,“ játar Stella Rósenkranz, dansari og deildarstjóri hjá dansstúdíó World Class. „Ég er ekki alveg þessi níu til fimm skrifstofutýpa. Ég er svo ör,“ bætir hún við, en Stella er þó menntaður viðskiptafræðingur og útskrifaðist frá HR árið 2007. Eftir útskrift hóf hún að vinna hjá Askar Capital, en stoppaði stutt við þar. „Ég áttaði mig fljótlega á því að það var ekki alveg það sem mig langaði að gera,“ segir Stella og síðan þá hafa dansinn og stúdíóið átt hug hennar allan.

Stella hefur margsinnis farið til Los Angeles, mekka dansípróttarinnar, til að sækja tíma með þeim bestu í geiranum, en hún segir það nauðsynlegt fyrir fólk í sinni stöðu. „Það eru allir að safna í gagnabankann. Danssenan þróast svo fáránlega hratt að fólk er fljótt að úreldast ef það heldur sér ekki við,“ segir Stella.

Flott þegar strákar kunna að hreyfa sig

Vinsældir dansípróttarinnar hafa aukist gríðarlega á undanföllum árum og segist Stella hafa fundið vel fyrir því. Hún nefnir að sjónvarpsþátturinn So You Think You Can Dance hafi átt stóran hlut í máli. „Hann tók þetta upp á annað stig. Það horfa allir á þetta, hvort sem það eru amma og afi eða fimm ára krakkar. Það er líka ótrúlegur fjöldi af strákum sem hafa gaman af þessu,“ segir Stella.

Hún segir íslenska stráka vera ljósárum á eftir kynbræðrum sínum

erlendis þegar kemur að dansi.

„Úti er fullt af strákum í dansi, en íslenskum strákum virðist finnast eitthvað þúkó að dansa,“ segir Stella, en ítrekar að það sé mikill misskilningur. „Það er bara eitthvað svo fáránlega flott við stráka sem kunna að hreyfa sig.“

Fjölbreyttir dansar í dansstúdíóinu

Stella er í óða önn að undirbúa veturinn hjá dansstúdíóinu, sem byrjar með látum 13. september næstkomandi. „Við danskennararnir erum nýkomnir heim að utan þannig að það eru allir ferskir og við erum með fullt af nýrri tónlist,“ segir Stella og segir mikilvægt að fólk fái að kynna ólíkum tegundum af dansi. „Við leggjum mikla áherslu á að þeir sem koma að æfa hjá okkur verði fjölhæfir dansarar, en læri ekki bara einn ákveðinn stíl,“ segir hún.

Á haustönninni verða kennd 12 vikna námskeið fyrir alla aldurshópa, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Allir sem eru 15 ára og eldri og skrá sig á námskeið fá líkamsræktarkort sem gildir í þær 12 vikur sem námskeiðið stendur yfir. World Class er einmitt að opna tvær nýjar stöðvar og verður dansstúdíóið þá starfrækt á sex stöðum. „Við erum að færa okkur



ALLT Í ÖLLU

Auk þess að sjá um dansstúdíóið hefur Stella haft umsjón með mörgum áberandi dansverkefnum hérlendis. Á liðnu ári hefur hún til að mynda séð um dansa fyrir Michael Jackson-sýninguna á Broadway, Haffa Haff, Ungfrú Ísland-keppnina, Verzló-söngleikinn Thriller og þá stýrði hún dansinum við eftirminnlegt lokaatriði úr síðasta áramótaskaupi.

skrefi nær hverfunum sem við höfum ekki verið í til þessa.“

Á meðal þess sem er nýtt af nálinni hjá dansstúdíóinu eru Master Class tímar á föstudögum sem eru opinir öllum korthöfum í World Class og þá mun breikdansarinn Natasha Royal kenna House-danstíma.

■ ■ **Danssenan þróast svo fáránlega hratt að fólk er fljótt að úreldast ef það heldur sér ekki við.**

Mýkri og lausir við grúppíur

Leifur Kristinsson, söngvari Ourlives, hitti blaðamann Monitor í dimmu húsasundi.

Þið hétuð upphaflega Days of Our Lives... Nei, það er eiginlega annað band. Við erum tveir úr upprunalegu Days of Our Lives, en síðan urðu mannaþreyingar og tónlistarstefnan breyttist mikið þannig að við ákváðum að breyta nafninu. Þetta Days of Our Lives nafn kom upp á einhverri æfingunni fyrir tónleika, hversu mörg bönd hafa ekki lent í því?

Þið voruð þyngrir? Tónlistarlega, ekki líkamlega. Já, þetta var töluvert harðara rokk. Fólk heyrir það á b-hliðinni sem við gáfum út með plötunni á Tónlist.is.

Af hverju eru menn orðnir svona mjúkir í dag? Verður maður ekki mýkri með árunum? Nei, maður bara þróast tónlistarlega. Þegar maður er yngri er maður kannski meira að þröngva hlutunum út úr sér. Þegar maður eldist vill maður gera hluti sem koma eðlilega frá manni.

Hvað erum við þá að tala um í dag?

Einhverjir sérstakir áhrifavaldar? Radiohead, Coldplay og Muse eru bönd sem við filum og er kannski hægt að líkja okkur eitthvað við.

Fyrsta platan ykkar, We Lost The Race, kom út í fyrra. Hvernig voru viðtökurnar? Vonum framar. Við bjuggumst ekki við að selja plötuna upp um leið og hún kom út, en það gerðist. Það var mikil gleði.

Hvað voru það mörg eintök? Eitthvað um 1.500.

Þið hafið spilað svoltið erlendis, ekki satt?

Við höfum gert það, en ekki nýlega reyndar. Síðast fórum við til Ungverjalands og spiluðum á festivali þar. Það var í október í fyrra. En við vorum svoltið með annan fótinn í Bretlandi fyrir tveimur árum og vorum að spila á fullu þar. Vorum þá bara að spila á litlum klúbbum. Stærstu klúbbarnir kannski á stærð við Nasa. Þetta var svona til að byggja nafnið upp.



OURLIVES verða á Ring Rokkfest 23. september



Hvernig gengur að meika það? Góðir hlutir gerast hægt.

Hver er helsti munurinn á því að spila hér heima og erlendis, til dæmis í Bretlandi? Það er töluverður munur. Íslendingar eru miklu skemmtilegri. Maður þekkir Íslendinga og getur talað við þá og haft gaman.

Hvað eigið þið margar grúppíur í þúsundum talið? Núll. Við erum ekki þannig band.

Hvað erum við að fara að sjá frá Ourlives á Ring Rokkfest? Þið eruð að fara að sjá skemmtilegt, gott stöf. Þetta verða góðir tónleikar og við erum gríðarlega spenntir.

OURLIVES

Stofnuð: Um miðvik þessa áratugar.

Uppruni: Höfuðborgarsvæðið með léttu kryddi af Vestmannaeyjum.

Meðlimir: Leifur Kristinsson (söngur/gítar), Eður Ágúst Kristjánsson (kassagítar/bakraddir), Jón Björn Árnason (bassi), Garðar Borgþórsson (trommur) og Guðrún Sóley Sigurðardóttir (fiðla/hljómborð).

Plötur: We Lost The Race (2009).

Þrjú góð lög: Nuna, Out Of Place og Where Is The Way?

ÉNAXIN

ORKA & KRAFTUR ÚR NÁTTÚRUNNI

Énaxin töflur

- Dagskammtur af vítamínum og steinefnum
- Inniheldur jurttimar Rhodiola og Schisandra
- Þægilegt aðeins 1 tafla á dag

Énaxin Mixtúra

- Fíjótvirkt orkuskot
- 7 mismunandi orkugefandi jurttakjarnar
- Tilvalið fyrir ýmskonar stór átök

Énaxin orkukúr

- Inniheldur bæði töflurmar og mixtúruna
- Einfaldur 35 daga orkukúr
- Upplagt fyrir þá sem vilja prófa og sannfærast

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða.



VIÐ ÍSLENDINGAR ERUM SVO HEPPNIR
AÐ EIGA GREIÐAN AÐGANG AÐ
ÓTRÚLEGA HREINU VATNI,
SEM ER MEÐ ÞVI HOLLARA SEM
ÞÚ GETUR LÁTIÐ OFAN Í ÞIG.

ÞEGAR ÞÚ DREKKUR TOPP
NÝTUR ÞÚ KOSTA ÞESS AÐ DREKKA

HREINT ÍSLENSKT BERGVATN

Á MEÐAN ÞÚ NÝTUR ÞESS AÐ DREKKA
SPENNANDI OG
BRAGÐGÓÐAN DRYKK.
ÞÆLDU Í ÞVI.

HVAÐA VATN ERT ÞÚ
AÐ DREKKA?



Úr náttúru Íslands

Heitustu stígvél bæjarins

Stíllinn kíkti í búðir og valdi nokkur falleg stígvél sem eru tilvalin fyrir haustið og veturinn.



13



11



3



9



4



2



7



5



10



6



8



12

Falleg haust-dress

- Kápa, Zara 15.995
- Peysa, All Saints 20.990
- Leggings, Sautján 5.990
- Leðurklútur, Company's 17.990
- Hálsmen, Spúútnik 4.900
- Leðurhanskar, Accessorize 5.199
- Skór, Friis & Company 16.990

1

stíllinn

„Allar konur vildu vera hærri og grennri og þær vilja hafa mitti. Ég er ekki hérna til að láta þær líta út eins og kartöflupoka.“ - Alexander McQueen



Myndir/Árni Sæberg

1. Kaupfélagið 21.995
2. Bianco 29.800
3. Topshop 22.990
4. Kaupfélagið 16.995
5. Zara 11.995
6. Einvera 18.900
7. GS Skór 27.990
8. Kaupfélagið 21.995
9. Bianco 26.900
10. GS Skór 21.990
11. Topshop 21.990
12. Kaupfélagið 22.995
13. Zara 22.995



ERU TINNA OG INGIBJÖRG AÐ LEITA AÐ PÉR?


Leita að módelum

Elite-keppnin verður haldin 26. september

Í október opnar Elite módel-skristofa hér á landi. Elite hefur skristofur í 37 löndum í fimm heimsálfum og er mjög virt módel-skristofa. Tinna Aðalbjörnsdóttir og Ingibjörg Finnbogadóttir sjá þar um að hjálpa fyrirsætum að komast að í bransanum og út í heim. 26. september næstkomandi verður haldin Elite keppni á Grand hótél og taka þar átta stúlkur þátt. Stúlkur sem ber sigur úr bitum fer til Kína í október og tekur þátt í alþjóðlegri keppni ásamt 74 stúlkum víðsvegar að úr heiminum. „Stelpurnar eru byrjaðar í fullu programmi hjá okkur og æfum við göngu í World Class

af kappi fram að keppni. Stelpurnar fara síðan í myndatöku hjá Baldri Kristjánssyni og Ellen Loftsdóttur með góðu teymi frá MAC, á fimmtudaginn næsta,” segir Tinna en stúlkurnar æfa göngu hjá henni. „Sú sem vinnur keppnina í Kína fær 150 þúsund dollara samning fyrir fyrsta árið.” Elite er til húsa á Klapparstíg 25-27 en strax eftir keppnina hér heima verður opnað fyrir stelpu og stráka sem langar að komast í þennan bransa. „Við erum strax byrjaðar að leita aftur að stelpum fyrir Elite keppnina fyrir næsta árið,” segir Tinna.

L I N D B E R G . C O M



Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

www.opticalstudio.is

Andri Freyr Viðarsson var „á flandri“ með Ómari Ragnarssyni í allt sumar, varð landsþekktur fyrir ölvun í Kastljósinu og var gripinn glóðvolgur við að stela úr Skifunni á 16 ára afmælisdaginn sinn.

Texti: Haukur Viðar Alfreðsson
Myndir: Ómar Óskarsson

haukurv@monitor.is
omar@mbl.is

Andri eyddi fyrri helmingi ævi sinnar í sakleysislegu sjávarplássi á Austfjörðum en var mættur á malbikið 15 ára gamall. Margir gætu eflaust lesið þetta og haldið að Andri væri fallinn frá en því fer fjarrí. Andri er þrítugur og enn í fullu fjöri. Og eiginlega í mun meira fjöri en flestir. Hann þarf ekki að vinna í frystihúsi, snýta leikskólabornum eða setja upp vegamerkingar á Holtavörðuhéiðinni til að salta sinn graut. Hann vinnur nefnilega við það að sprella. Og það í beinni útsendingu. Og já, í útvarpi allra landsmanna.

Hvar ertu fæddur og uppalinn?

Ég er fæddur 21. maí, 1980, sem er mjög vafasamt því þá er maður á milli stjórnumerkja. Ég er oftast tvíburi, en svo var ég naut fjórða hvert ár. Ég er uppalinn á Reyðarfirði og bjó þar þangað til ég var 15 ára gamall. Það var yndislegt og ég vildi hvergi annars staðar hafa verið alinn upp.

Finnst þér Reyðarfjörður fallegur bær?

Þykir hverjum sinn bær ekki fallegastur? Mér finnst bærinn samt allt öðruvísi í dag og mér þykir agalegt að segja það, en hann minnir mig æ meira á Egilsstaði.

Er rígur á milli Reyðarfjarðar og Egilsstaða?

Já, allavega var ég alinn þannig upp. Pabbi hefur aldrei talað um íbúa Egilsstaða öðruvísi en sem héraðstítt og aumingja. En það eru skýrtnar skiptingar í Austfjarðarrígunum. Reyðarfjarðingar og Fáskrúðsfjarðingar stóðu til dæmis alltaf saman í slagsmálum en við vorum ekki mikið með Eskfirðingum.

Varstu í slæmum félagsskap?

Nei alls ekki. Þetta voru bara þakkarar. Menn að fíka við að reykja og drekka og svona. Eins og unglingar eru. Mamma benti mér á það einu sinni að hún vildi ekki að ég væri að hanga með einum gæja. Ég tók það rosalega inn á mig og í kjölfarið hékk ég meira með honum en nokkru sinni fyrr.

Hver var það?

Það var gæi sem var kallaður Baldur rotta. Hann var ekki uppalinn á Reyðarfirði og var með hanakamb. Hann var almennilegur strákur, en reykti sigarettur og var þremur árum eldri en ég. Við skulum samt ekki fara nánar út í þetta þar sem hann gæti nú vel verið að lesa (hlær).

Fimmtán ára gamall flytur þú suður og ferð á fullt í tónlist.

Já, fyrsta hljómsveitin sem ég var í hét Bisund. Við vorum í öðru sæti í Músiktilraunum 1997 eða 1998. Síðan var ég í bandi sem hét Thundergun sem var ógurlegt töfrafaband og eftir það byrjaði ég að spila sem session-gítarleikari með Botnleðju. Ég var handónýtur gítarleikari, en ég hafði lúkkið og þeir héldu mér inni og það var mjög gaman, enda leit ég mjög upp til strákanna, mikill aðdáandi Botnleðju og svona. Við fórum í tónleikaferðir til útlanda og spiluðum slatta en síðan fékk ég aldrei að vera almennilegur hluti af bandinu. Þá fór ég í svona næstum-því fýlu, hætti að spila með þeim og byrjaði í hljómsveitinni Fidel. Undanfarið hef ég síðan verið í hljómsveit í Danmörku ásamt nokkrum Íslendingum. Við köllum okkur Bitch Tits.

Má segja að þú sért búinn að hlaupa af þér hornin tónlistarlega séð eða er von til þess að sjá þig meira í tónlist?

Ég veit það ekki. Ég hef aldrei kunnað að spila á gítar. Ég hef bara verið rosalega heppinn með að lenda í þessum böndum sem ég hef verið í. Ég kann ekki einu sinni gripin, það er ekkert grín. Ég er alveg glataður. Ég ætlaði einhvern tímann að fara að gera svona sampl-músík í anda DJ Shadow, keypti mér tölvu og hljóðkort og allan þakann. Bjó til möppu á desktopinum sem hét „Sampl-pælingar“ og á einu ári dattu inn tvær. Mér tókst ekki einu sinni að tengja hljóðkortið.

/// Svo sótti kærastan mig og þá var ég pissandi á útvarpshúsið og nýbúinn að reyna að stela einhverju málverki inni. En daginn eftir var ég aðalmaðurinn í bænum.

Þá sneriðu þér að útvarpsmennsku.

Hvernig kom það til?

Ég var kærasti mágkonu Þossa sem var á X-inu á þeim tíma þegar útvarpsþátturinn Sýrður rjóni fór yfir á Rás 2, og þá þurfti að fylla í skarðið. Þessi vissi að ég væri að grúska í þaðarmúsíkinni og hann spurði mig bara hvort ég væri til í að prófa að vera með þátt. Hann skírði þáttinn Karate vegna þess að hann var að tala um þetta við fyrrverandi kærustuna mína í bílum hennar og þar var diskur með hljómsveitinni Karate á mælaborðinu. Það var nú ekki dýpra en það.

Og áður en langt um leið varstu farinn að vera í loftinu á daginn.

Já, ég var farinn að leysa af og vera um helgar, en síðan fékk ég það verkefni að leysa af útvarpsþáttinn Zombie, sem voru þeir Sigurjón Kjartansson og Dr. Gunnir, þegar þeir fóru í frí. Mér fannst það óþægilegt fyrst. Í Karate var ég að spila öndergránd rokk og var síðan að spila vinsæla rokkið á daginn og kallaði mig þá Freysa. Ég hækkaði röðdina aðeins og reyndi að vera hressari og kom aldrei fram í fjölmiðlum öðruvísi en með grímu. Sem Freysi gat ég líka bullað endalaust og skáldað allskonar þvælu, án þess að það væri tengt sérstaklega við Andra Karate.

Hvernig endaði svo þetta ólíkindatöl á Rás 2, útvarpi allra landsmanna?

Ég bjó í Danmörku og Doddi litli stakk upp á því að við gerðum saman þátt með mér í beinni frá Danmörku og honum á Íslandi. Rás 2 samþykkti það og Litla hafmeyjan fór í loftið og okkur fannst bara ganga vel, þó maður sé reyndar að heyra það núna að þátturinn hafi ekki verið að mælast neitt sérstaklega vel. En svo var það Sigrún Stefánsdóttir sem hafði samband við mig og spurði hvort ég væri ekki til í að koma heim til Íslands og sprella með Ómari Ragnarssyni í sumar. Ég hélt að sjálfsögðu að þetta væri grín en svo var ekki, þannig að ég sagði að sjálfsögðu já og dreif mig aftur til Íslands.

Hvernig tilfinning var það á fyrsta degi að byrja að vinna svona náði með sjálfum Ómari Ragnarssyni?

Ég var auðvitað þínu stressaður en líka spenntur. Það vita allir Íslendingar að Ómar er algjör öðlingur. Hann hár ekkert á mann þó maður komi með slæma hugmynd. Ég man þegar ég hitti hann í fyrsta skipti til að undirbúa þáttinn. Hann stóð fyrir utan skrifstofuhurðina og þekkti mig ekki en ég þekkti hann. Við heilsuðumst og hann sagðist vera rosalega ánægður að sjá mig. Hann hafði dreymt mig þá um nóttina og í draumnum var ég tveggja metra hár, þá hefði ég ekki komist inn í litla bílinn hans.

Þið fóruð landshorna á milli og meðal annars á þungarokkshátíðina Eistnaflug (á Neskaupstað). Ekki tókst þér að draga Ómar í þungarokkið?

Nei hann lét tónleikana eiga sig enda vorum við meira að kanna stemninguna í bænum, tjaldsvæðið og hátíðargesti. Ómari fannst þetta alveg æðisleg hátíð og átti ekki orð yfir snyrtimennskunni hjá þessum krökkum og hvað allir væru kurteisir og almennilegir.

Þínir nánustu samstarfsmenn hingað til, Ómar og Doddi litli, eru þetta ekki tveir gjörólíkir persónuleikar?

Þeir eru rosalega ólíkir. Doddi er mikill tæknimaður en Ómar er ekkert inni í því. Doddi er skaphundur en Ómar er alltaf hress. Doddi borðar skyndibita en Ómar borðar sviðasultu. Og svo framvegis. Það er ótrúlegt samt hvað ég passa vel með þeim báðum. Ég held að það hafi eitthvað að gera með þetta sem ég sagði áðan, það að ég sé í tveimur stjórnumerkjum. Eða kannski tengist það þessum klofna persónuleika mínum, þú veist, Andri og Freysi (hlær).

Er Doddi jafn hress og Ómar?

Doddi er mishress. Ég er náttúrulega búinn að þekkja Dodda síðan ég byrjaði í útvarpi þannig að við þekkjumst mjög vel. Það er stuttur í honum þráðurinn. Hann á það til að sást ansi fljótt, en það er líka jafnfljótt að fara.

Er þá ekki rosalega gaman að hrekkja hann?

(hlær) Nei ég þori því nefnilega ekki. Ég hef aldrei hrekkst Dodda. Ég var meira að segja beðinn um það fyrir stuttu af einhverri stelpu í vinnunni, sem hann hafði hrekkst. Ég kom mér eiginlega bara undan því, lagði ekki í það. Ég veit að ég fengi það tífalt til baka.

Eftir allan þennan tíma í útvarpi, má ekki leiða líkur að því að þú farir á endanum í sjónvarpið?

Það hafa engar þreifingar verið í gangi með það. Útvarpið datt bara upp í hendurnar á mér. En maður myndi standa sig vel í sjónvarpi, bara eins og í öllu

HRADASPURNINGAR

Hverjir myndu leika ykkur Ómar í kvikmyndinni um Andra og Ómar?

Owen Wilson myndi sennilega leika mig og Robert Duvall myndi leika Ómar.

Hefurðu verið handtekinn? Já, ég var handtekinn á 16 ára afmælisdeginum mínum fyrir að stela Pantera-vídeóspólu úr Skifunni fyrir bróður minn.

Hver er besta hljómsveit í heimi? Bítlarnir.

Hver drap Kurt Cobain? Söngvarinn í Bush.

Ef þú þyrftir að fara í sleik við annað hvort Dodda litla eða Ómar Ragnarsson, hvorn myndirðu velja?

Ég hef náttúrulega verið svo mikið með Ómari í sumar og hann hefur frá svo mörgu að segja að ég er búinn að fá mikið af frussi í andlitni frá honum. Þannig að mig langar að smakka á Dodda.

Hvaða söngvari ætti að halda kjaftri? Söngvarinn í Muse.

Hver er hressastur í staffapartíum RÚV? Ég hef aldrei farið í RÚV-partí en Felix Bergsson er hressastur á göngunum. Það er alltaf eins og sólin byrji að skína þegar Felix gengur inn.

Er Gerður G. Bjarklind til í alvörunni? Það held ég ekki. Ég held að þetta sé forrit uppi á RÚV sem heitir Gerður G. Bjarklind.

Þú ert dauðvona og í þinni síðustu útsendingu. Hvað er síðasta lagið sem þú spilar? Eitthvað með Death. Pull the Plug kannski?



sem maður tekur sér fyrir hendur.

Segðu mér aðeins frá því þegar þú „keyrðir“ fullur í Kastljósinu.

Æskuvinnur minn frá Reyðarfirði, Helgi Seljan, hringdi í mig með eins dags fyrirvara og sagði að Kastljósið vantaði tilraunadýr til þess að keyra edru í bílhermi, drekka síðan tvo bjóra, keyra meira, drekka tvo til viðbótar og svo framvegis. Það sem ég vissi ekki var að þetta væru 11% bjórar, hlandvolgir, hálfslitra Faxebjórar. Mér finnst ótrúlega gott að geta komið þessu á framfæri núna (hlær). Ég var látinn drekka fimm þannig á 45 mínútum og það gerir það enginn heilvita maður. Ég man eftir fyrstu tveimur eða þremur bjórunum en ekki neitt eftir viðtalinu. Ég gubbaði og þurfti að kyngja því aftur því að myndavélarnar voru á mér, mjög ósmekklegt allt saman.

Tókst ekki einu sinni að tengja hljóðkortið

▲▲ Ég var handtekinn á 16 ára afmælisdeginum mínum fyrir að stela Pantera-vídeospólu úr Skífunni fyrir bróður minn.



viðtali



▲▲ Ég hef oft hugsað að það væri næs að búa bara uppi í sveit og fá viðmælandann í heimsókn yfir heila helgi. Labba með honum í fjörunni og svona.

Svo sótti kærastan mig og þá var ég pissandi á útvarpshúsið og nýbúinn að reyna að stela einhverju málverki inni. En daginn eftir var ég aðalmaðurinn í bænum. Ég fór í búð og afgreiðslukonan kallaði yfir allt: „Þetta er fulli gæinn í Kastljósínu.“

Verðurðu mikið var við frægðina? Eru eldri konur að bjóða þér drykki niðri í bæ?

Nei, aukin kvenhylli virðist algjörlega standa á sér. Ég held bara að þetta sé svona hjá útvarpsfólki. Mér finnst til dæmis rosalega gaman að labba í Kringlunni með Helga Seljan því þá eru allir að horfa á okkur. En þegar ég er einn er enginn að horfa á mig. „Video killed the radio star“. Það er bara þannig. Annað slagið klappar einhver manni á öxlina og segir „góður þáttur“ og svona, og mér þykir að sjálfsgöðu mjög vænt um það. En ég verð annars ekki fyrir miklu áreiti.

Ætlarðu aftur til Danmerkur? Ekki næstu tvö árin

allavega. En mér þykir alveg rosalega vænt um Danmörku og kem eflaust alltaf til með að fara af og til þangað. Þar á ég fullt af vinum og mér líður afskaplega vel þar.

En eru Danir samt ekkert þínu glataðir?

Nei alls ekki. Þeir eru eiginlega svolítið kúl bara. Þetta er kannski ekki svalasta þjóðin en glataðir eru þeir ekki. Þetta er stóri bróðir maður. Það er líka svo gott að geta farið í verslunarleiðangur í náttbuxunum og öllum sé skítsama um það. Danir kippa sér ekki upp við slíkt.

Hvað langar þig að vera að gera eftir tíu ár?

Það væri kannski gaman að vera með lítinn sjónvarpsþátt. Eða vandaðan útvarpsþátt sem ég myndi vinna heiman frá mér. Ég hef oft hugsað að það væri næs að búa bara uppi í sveit og fá viðmælandann í heimsókn yfir heila helgi. Labba með honum í fjörunni og svona. Einhvers konar Sjálfstætt fólk blinda mannsins.

Á laugardögum er Andri með útvarpsþáttinn Prinsinn milli 12:45 og 16:00. Næsti þáttur verður einmitt helgaður sumarflandri hans og Ómars Ragnarssonar, en Andri ætlar að spila brot af því besta úr ferðalögum hans og Ómars. Andri Freyr verður síðan í nýjum morgunþætti á Rás 2 í vetur og mun sprella þar til hádegis alla virka daga, ásamt stúlku að nafni Gunna Dís.



Komdu í klúbbinn sem lætur ekki bjóða sér hvað sem er

Viltu komast í útvalinn hóp fólks sem velur ekta hönnun og varast eftirlíkingar? Þá er ekta Vespa frá Piaggio eitthvað fyrir þig. Komdu og skoðuðu glæsilegt úrval í sýningarsal Heklu eða á vespur.is og vertu með í MC Vespa hópnum á Facebook.

Verð frá 489.000 kr.



Reynslan er góð!





Kringlan
Laugar
Mosfellsbær
Seltjarnarnes
Spöngin
Ögurhvarf

DWCC

DANSSTÚDÍÓ WORLD CLASS



Grunnflokkar

Kennd eru öll undirstöðuatriði í
grunndansþjálfun ásamt góðri
tækni, liðleika- og
styrkleikþjálfun og
dansköpun.

HAUSTÖNN HEFST 13. september

**NÝTT! BREAK MED
NATÖSHU**



Unglinga- og Framhaldsflokkar

FRÍTT líkamsræktarkort fylgir á meðan á námskeiði
stendur!

Þú lærir ALLT á einum stað :

Hip Hop / Funk Jazz / Lyrical / Break / Contemporary /
Jazz / Broadway / House / Pop / Michael Jackson dansar

Kennarar eru nýkomnir heim úr dansnámi í Los Angeles

SKRÁNING ER Í FULLUM GANGI Í S. **553 0000**

WWW.WORLDCLASS.IS / WWW.FACEBOOK.COM/DANSSTUDIOWORLDCLASS



FERILLINN



Milla Jovovich

Hæð: 174 sentimetrar.
Besta hlutverk: Alice í Resident Evil-myndunum.
Skrýtin staðreynd: Jovovich er mikil reykingamanneskja og í blaðagrein árið 1994 lýsti hún því yfir að einu lestir hennar væru sigarettur og kannabisefni.
Eitruð tilvitnun: „Héðan í frá mun ég nálgast kvikmyndirnar eins og viðskiptakona. Ég ætla mér að vera í fleiri hasarmyndum vegna þess að engin leikkona skarar fram úr á því sviði, að undanskildri Angelinu Jolie.“

1975 Fæðist í Kiev í Úkraínu.

1981 Flyst með fjölskyldu sinni til London og þaðan til Bandaríkjanna, en þar býr hún lengst af í Los Angeles.

1988 Undirritar sinn fyrsta fyrirsætusamning 13 ára gömul, en hún fór í fyrsta sinn í prufur þegar hún var níu ára.

1992

Giftist leikaranum Shawn Andrews. Þau leika saman í myndinni Dazed and Confused sem kemur út ári síðar og skilja sama ár.



1997 Leikur í Fifth Element og byrjar með leikstjóra myndarinnar, Luc Besson. Ári síðar ganga þau í það heilaga og beint eftir brúðkaupsathöfnina fara þau í fallhlífarsökk. Þau skilja 1999.

1999 Leikur Jóhönnu af Örk í stórmynd eftir Luc Besson. Myndin reynist algjört flopp og Jovovich er tilnefnd til Razzie-skammarverðlauna fyrir frammistöðuna.

2002 Leikur í fyrstu Resident Evil-myndinni og byrjar með leikstjóra hennar, Paul W.S. Anderson. Myndin nýtur mikilla vinsælda.

2007 Eignast sitt fyrsta barn með Anderson, dótturina Ever.

2009 Gengur í það heilaga með Paul W.S. Anderson.



Frumsýningar helgarinnar

Algjör Sveppi og dularfulla hótélherbergið

Leikstjóri: Bragi Þór Hinriksson.
Aðalhlutverk: Sverrir Þór Sverrisson, Vilhelm Anton Jónsson og Guðjón Davíð Karlsson.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Sambíóin Kringlunni og Sambíóin Akureyri.



Sveppi, Villi og Góí mæta aftur í fyrstu íslensku þrívíddarmyndinni. Pabbi hans Sveppa er að fara á gamalt hótél úti í sveit til að skrifa bók og Sveppi og Villi uppgötva að ekki er allt sem sýnist á hótélinu. Hljáandi draugur, álög og pirruð hótélstýra halda þeim á tánum og svo slæst Góí óvænt í hópinn til að hjálpa þeim í ævintýrinu.

Resident Evil: Afterlife

Leikstjóri: Paul W.S. Anderson.
Aðalhlutverk: Milla Jovovich, Ali Larter, Kim Coates, Shawn Roberts og Wentworth Miller.
Lengd: 90 mínútur.
Dómar: Engir dómar komnir.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó og Sambíóin Keflavík.



Alice (Jovovich) heldur áfram baráttu sinni í veröld sem er sýkt af vírus sem breytir fórnarlömbum sínum í uppvakninga. Alice fær óvænta hjálp frá gömlum vin í baráttunni við Umbrella-fyrirtækið. Þau fara til Los Angeles, en borgin er full af uppvakningum.

Remember Me

Leikstjóri: Allen Coulter.
Aðalhlutverk: Robert Pattinson, Emilie de Ravin, Chris Cooper og Lena Olin.
Lengd: 113 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,0 / Metacritic: 4,0 / Rotten Tomatoes: 28%
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka og Sambíóin Akureyri.



Rómantísk dramamynd sem fjallar um samband þeirra Tylers og Ally sem bæði eiga erfða tíma að baki. Tyler er enn að takast á við sjálfsvíg bróður síns sem hafði gríðarleg áhrif á samskipti fjölskyldunnar og Ally upplifði þá hörmung að verða vitni að morði á móður sinni. Þau finna hamingju í hvort öðru í kringum erfðin, en spurningin er hversu lengi hún endist.

Efni í góða Trivial-spurningu

Algjör Sveppi og dularfulla hótélherbergið er fyrsta leikna þrívíddarmyndin á Norðurlöndunum.

„Myndin kemur betur út en ég þorði að vona. Það var þungu fargi af mér létt á mánudaginn þegar við horfðum á hana með gagnrýnu fólki sem við treystum og fengum góðar viðtökur,“ segir Bragi Þór Hinriksson, leikstjóri myndarinnar Algjör Sveppi og dularfulla hótélherbergið. Myndin er fyrsta leikna þrívíddarmyndin sem gerð er á Norðurlöndunum.

„Fyrsta þrívíddarmyndin var reyndar frumsýnd í Finnlandi um daginn, en það var gömul brúðumynd um Múminálfana sem var breytt í þrívídd í tölvu. Okkar mynd er sú fyrsta leikna þar sem allt er tekið í þrívídd frá upphafi til enda. Þetta er efni í góða Trivial-spurningu. Það var takmarkið,“ segir Bragi og hlær.

Vel til í meiri þrívídd

Bragi segir að ákvörðun um að gera myndina í þrívídd hafi verið tekin í mars og því var vinnsluferlið stutt. „Við þurftum að vinna



BRAGI ÞÓR SEGIR ÞRÍVÍDDARTÆKNINA EKKI EINS FLÓKNA OG HANN ÁTTI VON Á

undirbúningsvinnuna vel og allt eftirvinnsluferlið þurfti að vera niðurnegt,“ segir Bragi. Hann játar að þrívíddin hafi gert myndina ögn dýrari og flóknari í vinnslu, en segist hafa átt von á mun meiri kostnaði. „Við njótum góðs af því að öll tækni í kringum þrívíddarvinnsluna er orðin miklu einfaldari en hún var fyrir bara ári síðan,“ segir Bragi. Bragi segir góðar líkur á að hann

muni gera fleiri myndir í þrívídd. „Ég gæti alveg hugsað mér að kafa dýpra ofan í þetta form, en ég á ekki von á því að ég geri aðra svona ódýra mynd í þrívídd. Þetta var ofboðslega mikil vinna og margar svefnlausar nætur að baki,“ segir Bragi. En er von á þriðju myndinni um Sveppa? „Ef þessi mælist eins vel fyrir og sú fyrsta eru góðar líkur á því að gerum þriðju myndina.“

Hótelíð sem notað er í Sveppa-myndinni er hús Stýrimannaskólans. „Við klipptum bara af honum turninn og plöntuðum honum út í sveit,“ segir Bragi Þór leikstjóri.

Popp-korn

Gagnrýnendur eru hvumsí yfir nýrri heimildarmynd um Joaquín Phoenix og umbreytingu hans úr leikara í tónlistarmann. Halda margir að um gabb sé að ræða en leikstjórinn fyllyrðir



að þetta sé raunveruleg heimildarmynd. Hún nefnist I'm Still Here en sagt er að í henni sjáist meira af karlmannslíkamanum en í hommaklámi, auk þess sem einhver aðili sést hafa hægðir á Phoenix í svefni eftir rifildí.

Hjónakornin Johnny Depp og Vanessa Paradis munu líklega sjást saman á hvíta tjaldinu í fyrsta sinn í bráð í kvikmyndinni My American Lover. Paradis segir að það verði erfitt að leika á móti einum besta leikara heims og manni sem hún þekkir svo vel. Það sé ástæða þess að þau hafi ekki sóst eftir því að leika saman fram að þessu.



Grínarinn Russel Brand fellur aldeilis í kramið hjá óskarsverðlauna-leikkonunni Helen Mirren en þau vinna nú saman að endurgerð myndarinnar Arthur, sem Dudley Moore lék í á 9. áratugnum. Hún segir það engu líkt að vinna með Brand og að hann sé með ótrúlegan grínistahella. Hann fari út fyrir línurnar en sé þó ekki stjórnláus og veiti smáatriðum athygli.



Hinn 20 ára Daniel Radcliffe er ekki svo lítill lengur. Í hryllingsmyndinni The Woman in Black mun hann leika ungan föður og lögfræðing en síðustu daga hefur hann staðið í ströngu við að prófa leikara í hlutverk sonar hans, nokkuð sem hann segir undarlega upplifun.



Sagt er að Susan Sarandon hafi nælt sér í einn ungan myndarpilt sem hún sást með á ferðalagi í Perú. Hinn 32 ára gamli Jonathan Brücklin hlær þó og segir um kjaftasögur að ræða en hann og Sarandon eiga saman borótennisbar í New York. Hann kvartar þó ekki því aðsókn á barinn hefur aukist í kjölfar sögusagnanna.





Hver fær VESPA?

Kosningin um
Extra-brosið er hafin!
www.monitor.is/vespa

Extra fyrir alla



Afa líka



MONITOR

Fylgist með Monitor á Facebook
facebook.com/monitorbladi



Allt að gerast

Ert þú að gera eitthvað skemmtilegt?

Þá viljum við fjalla um þig.

monitor@monitor.is

MONITOR

Allt að gerast - alla fimmtudaga!

FRO•YO
Fitulítil Ferskur Jógúrtis

Jógúrtisinn sem sló í geng í USA Núna á Íslandi

Nýr frábær Jógúrtis ferskari og fituminni Fituinnihald minna en 1% Fjöldi spennandi bragðtegunda

Yfir 40 tegundir af fersku og spennandi meðlæti

Hollusta & Ferskleiki FroYo jógúrtis fæst aðeins í

Ávextir - Hnetur - Granola - Nammi

Ísbúðinni Álfheimum 4

Sími 568 0050 · froyo@simnet.is

FroYo jógúrtis er á Facebook

LOGAÞRÓFIÐ

9. september 2010 | **MONITOR** skólinn

Ég heiti Logi Eikson Geirsson Ég bjó í býskalandi í mörg ár og það skrytnasta við það var #1. Hugsumar háttur þeirra #2. Gættu á neðri hálfinni

Þú veist hver ég er af því að ég Er ruglaður

Ég var 10 ára þegar ég litaði á mér hárið í fyrsta skipti, en 20 ára þegar ég fékk fyrsta tattúíð.

Sætasti sigurinn í handboltanum til þessa er

a) Bronsið á EM.
b) Silfrið á Ólympíuleikumum. ✓
c) Fálkaorðan.
d) _____

Það sem fæstir vita um Silver-gelið er að

a) Það er búið til úr alvöru silfri.
b) Það er búið til úr hestaseði.
c) Það er líka hægt að nota það sem idýfu og það átti upphaflega að heita Loga-idýfa.
d) Það var í raun fundið upp af Bubba Morthens.
e) Uti eignum einkarétt á því.

Ég finta mikið á handboltavellinum, en ég finta aldrei

a) Úti í búð.
b) Á djamminu.
c) Í rúminu. ✓
d) Ég finta til að gleyma.

Í síðasta sms-i sem ég fékk stóð Ok, kaktu eftir 16:30 og það var sent til mín af Sölu Mannu okutækis

Af þessum fjórum væri ég helst til í að búa með

a) Gillzenegger.
b) Vigdís Finnbogadóttur.
c) Friðriku Hjördísi.
d) Aroni Pálmarssyni.
e) hann fær mig alltaf til að brosa :)

Það besta við að búa í Hafnarfirði er Fólkið en það versta er að það er ekki kominn stytta af mér.

Ég bjó í býskalandi í mörg ár og það skrytnasta við það var #1. Hugsumar háttur þeirra #2. Gættu á neðri hálfinni

Ef ég þyrfti að fá einn af eftirtöldum í FH-liðið fyrir veturinn myndi ég velja

a) Ólaf Darra, leikara.
b) Haffa Haff, tónlistarmann.
c) Hrafn Gunnlaugsson, leikstjóra.
d) Steingrím J. Sigfússon, fjármálaráðherra.
Því hann er svo hrikalega góður að búa til stemmuna (Sturta)

Besti Loginn fyrir utan mig er:

a) Logi Bergmann Eidsson.
b) Logi Ólafsson.
c) Logi geimgeingill.
Hann er nefnilega svo mikill húnaristi...

Ég fæ mér alltaf morgunverð sigurvegarans, sem samanstendur af Egg & Hafnagraut

Ef ég væri ekki handboltamaður væri ég

a) Handrukkari.
b) Að vinna í Stjörnusól í Hafnarfirði.
c) Poppstjarna.
d) Að reka eigið fyrirtæki.
e) og vinna í Tv.

Ef ég þyrfti að berja einn karakter úr Friends yrði það

a) Joey.
b) Rachel.
c) Monica.
d) Ross.
e) Phoebe.
f) Chandler.
Vegna þess að hún er svo tælg á gítar.

Ef ég fengi að gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Pain is Temporary, Glory is forever..

Síðast en ekki síst

» **Hildur Kristín Stefánsdóttir, söngkona í Rökkurró, fílar:**

Kvikmyndin
Spirited Away er í miklu upphaldi. Japönsk teiknimynd sem fékk Óskarinn sem besta teiknimyndin 2003. Ótrúlega falleg saga sem á við hvort sem maður er barn eða fullorðið barn. Ég er líka að læra japönsku svo mér finnst extra gaman að horfa á japanskar myndir.

Sjónvarpsþátturinn
Ég viðurkenni að ég er mikill þáttafíkill og á mér marga upphalds, en ef ég á að mæla með einum þá er það **Black Books**. Einn af fáum breskum grínþáttum sem er ekki of ýktur fyrir minn smekk!

Bókin
Held ég verði að segja **Norwegian Wood** eftir Haruki Murakami. Veit ekki hvort það var vegna þess að ég var veik og óvenju tilfinninganæm þegar ég las hana en hún snerti mig mikið.

Platan
Ein af mínum allra upphalds og sú síðasta sem ég fékk gæsa húð yfir var **Witness** með Modern Life is War. Hardcore pönk upp á sitt besta með rosalegum textum.

Vefurinn
Cuteoverload.com. Ég fæ aldrei nóg af sætum dýrum og þessi síða gefur mér dagskammt af gleði.

Staðurinn
Saunan í **Vesturbæjarlaug**. Ekki venjulega gufubaðið sem er úti, heldur baðstofan sem maður borgar sérstaklega í. Leyndur fjársjóður sem ég reyni að komast reglulega í.



Virku kvöldin eru virk á Oliver

Café Oliver hefur verið einn af heitari stöðum bæjarins undanfarin ár. Þar er jafnan fullt út úr dyrum um helgar og á fimmtudagskvöldum hefur Veðurguðinn Ingó séð um geysivinsæl trúbadorakvöld um langt skeið. Það er líka nóg um að vera á staðnum önnur kvöld vikunnar og eru lífandi karóíkíkvöld, margarítukvöld og pianótrúbadorakvöld á meðal þess sem er að finna í þéttskipaðri dagskrá staðarins. Þá er Café Oliver einnig veitingastaður og er að finna mikið úrval af hollusturéttum í bland við klassíska rétti á matseðlinum. Monitor spjallaði við Hermann Karvelsson, vaktstjóra á Café Oliver, og fékk að fræðast um virku kvöldin á staðnum.

GÓÐIR RÉTTIR

Sá holti
Tandoori salat með jógúrtressingu, kjúkling og melónum. **1790 kr.**

3

Sá ódýri
Núðlusúpa með kjúkling og grænmeti. **990 kr.**

Sá eðalborni
Nauta rib-eye með gráðast, sveppasósu og beikonkartöflu. **3.890 kr.**

Sunnudagur
Lífandi tónlist
„Við erum alltaf með lífandi tónlist á sunnudögum og búum til góða stemningu fyrir fólk til að ná sér niður eftir helgina.“

Mánudagur
Margarita Night
„Þá erum við með góð tilboð á margarítum og Raggi trúbador syngur og spilar undir á pianó. Þá tekur hann alls konar flotta slagara í pianóútgáfum og gerir mjög vel. Þessi kvöld hafa gengið mjög vel í sumar og vonandi að stemningin haldi áfram í vetur.“

Þriðjudagur
Live Karaoke
„Raggi trúbador mætir með gítarinn og spilar undir fyrir fólk sem vill syngja. Fólk kann vel að meta að syngja með lífandi tónlist en ekki stöðluðum karóíkíútgáfum. Það eru allar tegundir af fólki sem mætir, bæði góðir og lélegir söngvarar, sem gerir þetta ótrúlega skemmtilegt. Það myndast alltaf mjög góð stemning.“

Miðvikudagur
JJ Group
„Þetta eru þrír ungir strákar með bassa, trommur og gítar sem spila lífandi tónlist. Þeir hafa verið að spila á Dönsku kránni við mjög góðar undirtektir og eru að gera svakalega góða hluti.“

SKEMMTANA EFTIRLIT CAFÉ OLIVER



Mynd/Ernir

fílófaxið

fimmtudagur

9 sept

STYRKARTÓNLEIKAR

Reykjadalur, Mosfellsdal
20:00 Í Reykjadal eru reknar sumarþúðir og helgarstarf á veturna fyrir einstaklinga með fötlun. Þar koma fram Diddú, Gildran, Hafdís Huldr, Bermuda, Hreindís Ylva, Karlakór Kjálnessinga, Moy, Dúettin Hljómur og Íris Hólm.

MINNINGARTÓNLEIKAR

Frumleikhúsið, Keflavík
20:00 Tvennir minningartónleikar verða haldnir í vikunni til minningar um Guðmund Jóhannsson og Sigfinn Pálsson, unga drengi úr Reykjanesbæ sem létust úr krabbameini fyrr á árinu. Á fyrri tónleikunum koma fram sveitirnar Of Monsters and Men, Valdimar, Sky Reports og tónlistarmaðurinn Ástþór Öðinn. Miðaverð er 1.000 krónur.

TÓNLEIKAR FYRIR GAZA

Sódoma
21:00 Félagið Ísland-Palestína stendur fyrir samstöðu- og styrktartónleikum fyrir Gaza. Útidúr, Orphic Oxta, Sykur, Endless Dark og For a Minor Reflection koma fram. Miðaverð er 1.000 kr.

föstudagur

10 sept

OPNUN Í CRYMO

Crymo Gallerí
20:00 Sigtryggur Berg Sigmarsson og Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir opna myndlistarsýninguna Ofsjónaræði, Húmsorsleysi og Verk Vinstri Handar, Hönd Tilfinninganna. Crymo Gallerí er staðsett á Laugavegi 41a, bak við Vinberidi.

MINNINGARTÓNLEIKAR

Frumleikhúsið, Keflavík
20:00 Tvennir minningartónleikar verða haldnir í vikunni til minningar um Guðmund Jóhannsson og Sigfinn Pálsson, unga drengi úr Reykjanesbæ sem létust úr krabbameini fyrr á árinu. Á seinni tónleikunum koma fram sveitirnar Klassart, Lifun, Reason to believe og Heiður. Miðaverð er 1.000 krónur.

VINIR DÓRA

Rosenberg
22:00 Blúsfélagarnir Halldór Bragason, Guðmundur Pétursson, Ásgeir Óskarsson og Jón Ólafsson koma saman sem Vinir Dóra á tvennum tónleikum á Rosenberg. Þeir fyrri fara

UPPISTAND

Næsti bar
21:00 Ólgandi uppistand þar sem nokkrir af efnelegustu uppistöndurum landsins koma fram. Það eru þau Þórdís Nadia Semichat, Pálmi Freyr Hauksson og Gunnar Jónsson.

JÓN JÓNSSON

Risið
21:30 Hljómsveitin Jón Jónsson mun koma fram á sínum fyrstu tónleikum um nokkurt skeið á Risinu, þar sem Glaumbar var áður til húsa. Lög þeirra eru í anda Gavin Degraw, Jack Johnson og John Mayer og hafa tvö þeirra notið töluverða vinsælda í sumar, löginn Kiss in the morning og Lately. Miðaverð er 1.000 krónur.

DEEP JIMI & THE ZEP CREAMS

Faktoyrí
23:00 Rokksveitin Deep Jimi & the Zep Creams heldur tónleika í tilefni af útgáfu á fjórðu breiðskifu sveitarinnar, Better When We're Dead.

fram á föstudagskvöld og þeir síðari á laugardagskvöld, báðir klukkan 22.

NÓRA, BOB OG NOLO

Venue
22:00 Hljómsveitirnar Nóra, Bob og Nolo slá saman í tónleika á Venue en auk þeirra koma fram Fukaiha og DJ Fox. Húsið opnar klukkan 21 en tónleikarnir hefjast klukkan 22. Miðaverð er 800 krónur.

HARD CANDY NIGHT

Hverfisbarinn
22:00 Plöstudnúðarnir Anna Rakel og Ýr ætla að trylla lýðinn með eldheitum skífum sem innihalda funk, soul, hip-hop, R&B og electro-tónlist. Heitt og sveitt og ókeypis inn.

ÚTIDÚR OG ORPHIC OXTRA

Faktoyrí
22:00 Hljómsveitirnar Útidúr og Orphic Oxta fagna báðar eins árs afmæli sínu á haustmánuðum en þær halda nú sameiginlega tónleika.

laugardagur

11 sept

FATAMARKAÐUR FJALLKONUNNAR

Fjallkonubakaríð
11:00 Á milli klukkan 11 og 16 verður haldinn fatamarkaður í portinu við Laugaveg 23, á milli Fjallkonubakarísins og Janusbúðarinnar. Þar mun verða um auðugan garð að gresja og eitthvað fallegt finnanlegt fyrir alla.



FLÓAMARKAÐUR

Frostaskjól
13:00 Flóa/kompumarkaður verður haldinn af frístundamiðstöðinni Frostaskjól í samstarfi við KR, í Frostaskjól 2, frá klukkan 13 til 16, en þar býðst öllum þeim sem hafa áhuga að koma og selja það sem þeir vilja, hvort sem það eru smákökur, sultur eða fót og drasl úr geymslunni. Spurningar og skráning á floamarkadur@gmail.com.



DANCE WORKSHOP

Klassíski listdansskólinn
13:00 Dansarnir úr Raven Production bjóða upp á dansvinnustofu í tengslum við verkefni sitt, Hulda - Falið verkefni. Vinnustofan stendur yfir frá 13 til 16 í húsnæði Klassiska listdansskólans að Grensásvegi 14. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

NÍU - GJÖRNINGAR

Gerðasafn
15:00 Níu -samsýning níu ungra listamanna fer nú fram í Gerðasafni í Kópavogi en nú munu tveir listamannanna flytja gjörninga sem hluta af verkum sínum. Sá fyrri hefst klukkan 17 og er fluttur af Páli Hauki Björnssyni en sá síðari hefst klukkan 16 og er fluttur af Helgu Björg Gylfadóttur. Sýningin stendur til 10. október og aðgangur er ókeypis.

sunnudagur

12 sept



TÍBRÁ

Salurinn, Kópavogi
20:00 Opnunartónleikar Gissurar Páls og Þóru Einarsdóttur en þau hafa ásamt Jónasi Ingumundarsyni sett saman metnaðarfullt prógramm sem þau flytja af sinnu alkunnu snilli. Miðaverð er 3.500 krónur.



ÞYNNKUBÍÓ

Prikið
22:00 Hið vikulega þynnkubíó Priksins er á sínum stað og að þessu sinni er það kvikmyndin Caddyshack sem verður varpað á stóra tjaldið. Popp í boði hússins og aðgangur ókeypis.

Lóa Hjálmtýsdóttir, FM Belfast

Við í FM Belfast erum að fara til Kraká í Póllandi. Múm er að fara að spila þar og við ætlum að spila í eftirpartýi hjá þeim. Það er fullt af liði að fara þangað, til dæmis Hjaltalín, Daníel Bjarnason og Gyða Valtýs. Þannig þetta verða semsagt Múm og vinir.



Helgin mín




Kíktu á Námuna á Facebook

Aukakrónur fyrir Námufélaga

Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bíó*, 150 fríar færslur á ári, Námuna A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra fríðinda.

Það er leikur að læra með Námunni.

Bryndís Ósk Þ. Ingólfssdóttir,
Námufélagi og nemi í
kvikmyndafræði



Lausn: Kvikmyndatjald

ENNEMM / SIA / NMA43008
NEI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280

NÁMAN | landsbankinn.is | 410 4000



Landsbankinn

*eldri Langarabbi, Smarabbi, Haskabbi og Bergabbi mán- fim. af grett með Námunni